



Náms- og kennsluáætlun

Tímabil: 2024-2025	Bekkur: 2. bekkur	Námsgrein: Íslenska	Kennari: Elfa Björk Ellertsdóttir	Tímafjöldi: 6
--------------------	-------------------	---------------------	-----------------------------------	---------------

Námsgögn: Ýmsar sögur/ljóðabækur, Ritrún, efni af Skólavef, Litla lesrún skrifarbækur.	Efni af Veraldarvefnum.
--	-------------------------

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- tjáning og miðlun
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna
- nýting miðla og upplýsinga
- ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*



Náms- og kennsluáætlun

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Að nemandi: • þjálfist í að tala skýrt og greinilega • geti lesið skýrt og greinilega • geti skapað og endursagt texta • geti svarað munnlega spurningum úr texta • geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð, söngva og greint frá upplifun sinni • þjálfist í góðum samskiptum, hlustun og háttvísi.	Notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem reyna á skilning, samvinnu, einstaklingsvinnu, gagnrýna hugsun, þar sem reynt er að höfða til hvers og eins. Eftir innlögn kennara vinna nemendur sjálfstætt eða í hópum að verkefnum sínum.	Munnleg og verkleg verkefni. Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi. Þátttaka í samræðum, tjáningu og virkni. Einstaklings- og hópverkefni. Sjálfsmat. Símat.
Lestur og bókmenntir	Að nemandi: • þjálfist í að lesa skýrt og lipurt • geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir • geti lesið sér til gagns og gamans • þekkir vísur og ljóð • kynnist íslenskum þjóðsögum ævintýrum og frásögnum • þjálfist í að fá bækur lánaðar á bókasafninu • geti endursagt lesinn texta yfir hópinn • auki orðaforða, mál- og lesskilning	Bækur af bókasafni lesnar í yndislestri í tengslum við þemaverkefni og samþættingu námsgreina. Heimalestrarefni, skipt vikulega.	Munnleg, verkleg, skrifleg og myndræn verkefni. Próf, kannanir og skimanir.



Náms- og kennsluáætlun

Ritun/Skrift	Að nemandinn: • geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega • geti samið einfaldan texta svo sem sögu eða frásögn • geti beitt einföldum stafsetningarreglum	Kennd ítalúskrift.	Símat.
Málfræði	Að nemandinn: • þekki stafrófsröðin • kynnist einföldum stafsetningareglum • þekki muninn á sérhljóðum og samhljóðum • kynnist sérnöfnum og samnöfnum • þekki no, so og lo • kynnist samheiti og andheiti • kynnist kvenkyni, karlkyni og hvorugkyni	Innlagnir, umræður, einstaklingsvinna og hópavinna.	Símat.

ANNARÁÆTLUN				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
Haustönn 22.ágúst- 20.des	Heimalestur að minnsta kosti 5x í viku. Í heimalestri eru valin orð þjálfuð með því að skrifa þau rétt í heima-stílabók. Áhersla lögð á að bæta orðaforða.	Ýmsar sögur/ljóðabækur, Ritrún, efni af Skólavef, Litla lesrún skriftarbækur. Efni af Veraldarvefnum.		Unnið verður með þessi atriði jafnt og þétt allan veturinn.



Náms- og kennsluáætlun

	Þjálfist í að lesa upphátt og að hlusta á aðra í heimakrók. Læri stafrófsröðina. Þekki mun á sérhljóða og samhljóða. Hvað einkennir góða málsgrein. Ritun æfð með því að skrifa í sögubækur. Heimalestur að minnsta kosti 5x í viku. Í heimalestri eru valin orð þjálfuð með því að skrifa þau rétt í heima-stílabók. Áhersla lögð á að bæta orðaforða. Þjálfist í að lesa upphátt og að hlusta á aðra í heimakrók. Læri stafrófsröðina. Þekki mun á sérhljóða og samhljóða. Hvað einkennir góða málsgrein. Þekki hugtökin samheiti og andheiti. Þekki no, so og lo. Æfi sig í kyni orða.			
--	---	--	--	--

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.